

Fréttatilkynning

Í dag er sorgardagur. Í dag sigraði Gamla Ísland Nýja Ísland. Um nokkurt skeið hefur Gunnar Þ. Andersen haft á tilfinningunni að bola ætti honum úr embætti forstjóra Fjármálaeftirlitsins, með góðu eða illu. Varnarbaráttan hefur staðið lengi, margir sigrar unnist en allt kom fyrir ekki. Umbjóðandi minn hefur nú verið rekinn úr embætti sínu og gert að hætta störfum án nokkurs fyrirvara. Málið snerist aldrei um nein rök eða upplýsingar, þaðan af síður um réttlæti. Engin boðleg rök hafa verið færð fyrir uppsögn Gunnars, engin ný gögn lögð á borðið. Þá hefur réttur umbjóðanda míns verið virtur að vettugi, bæði lögbundinn andmælaréttur og lögvarin réttindi hans sem opinbers embættismanns.

Það sem helst hefur hugsanlega mátt lesa í hvarflandi málatilbúnað þeirra afla sem sótt hafa að nú fyrrum forstjóra FME er að brottrekstur hans snúist með einhverjum hætti um aflandseyjafélög Landsbankans fyrir meira en áratug. Því hefur verið staðfastlega neitað af hálfu umbjóðanda míns að í aðkomu hans að þeim félögum á sínum tíma sé nokkuð misjafnt að finna og færð fyrir því margvísleg rök. Aflandseyjafélögin geti ekki verið hin raunverulega ástæða uppsagnarinnar. Kannski er það rangt. Kannski er það einmitt sérþekking umbjóðanda míns á alþjóðlegri bankastarfsemi og aflandseyjafélögum sem menn óttast mest. Sagan og væntanleg réttarhöld leiða vonandi hið sanna í ljós.


Nú liggur fyrir að umbjóðandi minn hefur ekki bara verið rekinn löglaust og fyrirvaralaust úr einu af lykilembættum íslenskrar stjórnýslu á endurreisnar- og siðbótatíma, heldur hefur hann einnig samdægurs verið kærður til lögreglu. Máti hver fyrir sig á hvaða réttarfar þetta minnir. Hvorki Gunnar Þ. Andersen né undirritaður hafa fengið kærana í hendur eða þau gögn sem hún er sögð byggja á. Í uppsagnarbréfi sem umbjóðanda mínum var afhent í morgun er vitnað til bréfs frá Landsbankanum sem virðist hafa verið fengið þaðan í gær. Upplýsingar sem fram koma í téðu bréfi bankans eru sagðar á meðal nokkurra nýrra brottrekstrarástæðna umbjóðanda míns. Svo lítur út sem einhverjir hafi óheftan aðgang að alls kyns upplýsingum úr Landsbankanum. Umbjóðandi minn verður hins vegar eins og svo oft áður í þessu ótrúlega ferli að beita ágiskunum. Í fréttum hefur verið látið að því liggja að kærumálið tengist tilteknum stjórnámamanni. Alltaf er slæmt þegar stigið er á tær, einkum þær sem tengjast bæði peningavaldi og pólitík. Það skyldi þó aldrei vera að í sjálfri kærunni sé að finna lykilinn að lausn gátunnar um raunverulegar ástæður tafarlauss brottrekstrar?

Gögn frá Landsbankanum um umræddan stjórnámamann hefur umbjóðandi minn aldrei séð þrátt fyrir fullyrðingar fjölmiðla nú í dag um hið gagnstæða.

Umbjóðandi minn lýsir sig eins og áður fullkomlega saklausan af öllum sakargiftum, jafnvel þótt hann hafi af því bitra reynslu í samskiptum við stjórn FME, en stjórnin hefur beitt ótrúlegum útúrsnúningum og ítrekað lýst því opinberlega yfir að þessi staðfasta afstaða Gunnars til rangs sakburðar sé sérstök sönnun um sekt hans en ekki sakleysi! Umbjóðandi minn lýsir sig hins vegar sekan um þann barnaskap að hafa trúað því eitt augnablik í hita leiksins að réttlætið myndi sigra og Nýja Ísland rísa. Nú veit hann betur. Þjóðkunnt skáld af vinstri vængnum orti eitt sinn þekkt lofkvæði til Sovétríkjanna. Í kvæðinu var spurt; Sovét-Ísland, hvenær kemur þú? Vitum við kannski svarið núna?

Umbjóðandi minn mun á næstu dögum birta opinberlega sína heildstæðu sýn á þetta dæmalausá mál. Samskiptum hans við stjórn FME er hins vegar formlega lokið. Lyktir málsins munu ráðast fyrir dómstólum.

Reykjavík, 1. mars 2012, f.h. Gunnars Þ. Andersen,



Skúli Bjarnason hrl.